

Leikskólinn Sólborg

Sólborg er einn af leikskólum Reykjavíkur og heyrir undir Leikskólasvið. Hann tók til starfa í júlí 1994. Haustið 1995 var einni stofu bætt við leikskólann og er gert ráð fyrir að 71 barn séu samtímis í skólanum. Boðið er uppá 4 – 9 tíma vistun. Börnin skiptast á 4 stofur: Lerkistofu, Birkistofu, Furustofu og Víðistofu. Að jafnaði dvelja um 12 börn með umtalsverðar sérþarfir í leikskólanum.

Heildtæk skólastefna/ nám án aðgreiningar

Sérstaða skólans felst í sameiginlegu uppeldi og menntun fatlaðra og ófatlaðra barna. Meginmarkmið leikskólans er að móta skóla sem mætir þörfum allra barna í sameiginlegu umhverfi. Heildtæk skólastefna snýst um aðferðir og vinnubrögð sem notuð eru við að ná þessu markmiði. Skólinn leggur áherslu á að viðurkenna og virða breytileika hjá börnum og vinna með tilliti til ólíkra þarfa þeirra. Á tveimur stofum leikskólans dvelja heyrnarlaus/heyrnarskert og heyrandi börn saman. Stofurnar hafa það að markmiði að þar séu tvö móðurmál jafnréttá; íslenska og íslenskt táknmál. Slíkt markmið hefur áhrif á allt starf leikskólans og fá öll börnin í Sólborg tækifæri til að kynnast máli og menningu heyrnarlausra.

Helstu þættir í starfsgrundvelli Sólborgar

1. Börn hafa siðferðislegan rétt til að alast upp saman, læra hvert af öðru og með hvert öðru án tillits til andlegs eða líkamlegs atgervis.
2. Vel skipulagt og markvisst leikskólastarf er öllum börnum æskilegt og fötluðum börnum nauðsynlegt.

3. Hver einstaklingur býr yfir hæfileikum á mörgum sviðum sem hlúa ber að og leggja rækt við. Allir þroskaþættir vinna saman og hafa áhrif hver á annan. Leggja þarf því rækt við hvern einstakling með tilliti til sérstöðu hans og hæfileika.
4. Ekki er rétt að einskorða sig við eina kenningu eða aðferð í leikskólastarfi sem reynir að mæta einstaklingsbundnum þörfum barna í sameiginlegu umhverfi.
5. Menntun/þekking og fjölbreytt reynsla starfsfólks er nauðsynleg í leikskólastarfi Sólborgar.
6. Gott samstarf og samvinna við foreldra er mikilvæg fyrir vellíðan og velgengni barns í leikskólanum.

Meginmarkmið Sólborgar

Meginmarkmið Sólborgar eru sett með hliðsjón af lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og markmiðum heildtækrar skólastefnu. Meginmarkmiðin eru þrjú og byggja á starfsgrundvelli leikskólans:

1. Að stuðla að jafnrétti, gildi og virðingu einstaklingsins.
2. Að þróa leikskólastarf þar sem komið er til móts við þarfir getubreiðs hóps barna.
3. Að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta og stuðlar að samábyrgð allra starfsmanna á barnahóp leikskólans.

Stundaskrá

Eftirfarandi er rammi stundaskrár fyrir allar stofur. Íþróttir, tónlist, myndsköpun og sérkennsla eru felld inní stundaskrána.

07:30	Leikskólinn er opnaður á Birkistofu, börnin dvelja þar til kl.8:00
08:15	morgunmatur
09:00	val - leikur á valsvæði
10:00	hópastarf-samverustundir / útivera
11:45	alstund
12:00	hádegismatur
12:30	hvíld / rógleg lesstund
13:00	útivera /samverustundir/sérkennsla
14:45	alstund
15:00	síðdegishressing
15:30	valtími- leikur á valsvæði
16:30	börnin sameinast á Víðistofu
17:30	leikskólanum er lokað


Með ábyrgð hvernar stofu fer deildarstjóri sem auk annars starfsfólks skipuleggur nákvæma stundaskrá sem tekur mið af þörfum allra barnanna. Að mati starfsfólks hefur sameiginlegt uppeldi og menntun fatlaðra og ófatlaðra barna jákvæð áhrif á öll þau börn sem dvelja í leikskólanum. Í Sólborg vinna margar starfsstéttir að sameiginlegu markmiði. Samvinnan er mjög mikilvæg við að móta leikskólastarf sem hentar fötluðum og ófötluðum börnum í sameiginlegu umhverfi.

Lokaorð

Leikskóli sem hefur það að markmiði að mæta þörfum getubreiðs hóps barna er í stöðugri þróun. Við í Sólborg setjum okkur háleit markmið og með samstilltu átaki foreldra, starfsfólks og barna stefnum við að því að öll börn séu virk og gefandi hluti af leikskólasamfélaginu.

e.s. apríl 2007, leikskólastjóri

Leikskólinn Sólborg



Vesturhlíð 1, 105 Reykjavík
sími: 5515380 Fax: 5515388
SMS skilaboð sími 661-3610
netfang: solborg@leikskolar.is
heimasíða: mentor.is

